

Dags eftirlits	7.6.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Nordic Fish Leather	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgarmýri 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6012190930	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Hlynur Ársælsson	ÍSAT nr.	15.11.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit. Ein ábending var sett fram varðandi að áfram skuli huga að geymslu hættulegra efna við öruggar aðstæður.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða sútunarverksmiðjuna Nordic Fish Leather á Sauðárkróki. Heimild er til að starfrækja vinnslu á skinnnum og roði. Framleiðslumagn er ekki tiltekið í starfsleyfinu. Starfsleyfi gildir til 20. desember 2029 og var gefið út af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á þær skyldur sem þar koma fram. Engin ný frávik komu fram við síðasta eftirlit, árið 2022, en tvær ábendingar voru settar fram er varða að áfram skuli lögð áhersla á merkingar efnaumbúða og uppsetningu lekavarna. Eldri frávikum var ekki lokið við síðasta eftirlit en unnið var skv. úrbótaáætlun um mælingar á frárennsli og geymslu efna með viðeigandi hætti. Þeim úrbótum er nú lokið og frávikum frá árinu 2021 er þar með lokað. Gerð hefur verið mæling á efnasamsetningu fráveituvatns og uppsetningu á lekavörnum fyrir efnavöru er lokið. Merkingar á efnavöru hafa verið bættar.

Áhættumat 2023 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu, að eftirliti loknu.

Umfang starfseminnar er fremur lítið og langt undir 12 tonnum á dag og því er ljóst að BAT niðurstöður sem Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gaf út árið 2013 um bestu aðgengilega tækni vegna losunar frá iðnaði vegna sútunar á húðum og skinnnum ná ekki yfir rekstur sútunarverksmiðjunnar. Rætt var um yfirvofandi flutninga verksmiðjunnar en leigusamningi rekstraraðila hefur verið sagt upp vegna fyrirhugaðra annarra nota á húsnæðinu og reiknað er með því að flutningar verði um nk. áramót. Unnið er að samningum um nýjan stað fyrir verksmiðjuna.

Engar kröfur eru í starfsleyfi um skil á ársyfirliti, Grænu bókhaldi né útstreymisbókhaldi til eftirlitsaðila. Skráningar og niðurstöður mælinga skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila við eftirlit.

Áætlun um rekstrarstöðvun hefur verið skilað til eftirlitsaðila. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, er til staðar.

Allur úrgangur fer til Flokku.

Gengið var um verkmiðjuna og hún skoðuð. Verkmiðjan var snyrtileg á að líta og hefur verið unnið vel og markvisst að umbótum í vinnslurýmnum.

Rekstraraðili vinnur að því að öll efni sem notuð eru í vinnslunni séu eins umhverfisvæn og unnt er. Áfram er unnið að útskiptingu mengandi efna í vinnslunni. Skipt hefur verið um efni sem notuð eru til yfirborðsmeðhöndlunar og litla sem enga efnalykt var að finna þegar gengið var um vinnsluna. Sápunotkun hefur verið minnkuð um 30% á síðustu árum og notkun rokgjarnra efna er lítil sem engin. Stefnt er að því að minnka notkun annarra efna eins og kostur er. Öryggisblöð eru í möppum á skrifstofu og starfsmenn upplýstir um það hvar þau er að finna.

Rekstraraðili tekur þátt í evrópskum samstarfsverkefnum sem miða að því að bæta rekstur sútunarverkmiðja m.t.t. umhverfismála og efnanotkunar. Í lok síðasta árs komu aðilar frá Háskólanum í Ísrael og gerðu efnamælingar í fráveituvatni. Lokaskýrslan er ekki komin til rekstraraðila en upplýsingar um niðurstöður hennar verða senda eftirlitsaðila þegar þær berast.

ÁBENDINGAR

Bent er á að öll hættuleg efni skulu geymd við öruggar aðstæður og fljótandi efni skulu standa á lekabyttum eða í lekaheldum körum.

ANNAÐ

Engar kvartanir hafa borist til eftirlitsaðila, né rekstraraðila, frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa átt sér stað.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar. Einnig fylgdi kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin.

Farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verður óboðað.

Minnt er á að verði reksturinn fluttur á nýja starfsstöð eða gerð verður eignarhaldsbreyting þá skal sækja um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar. Málshraðaviðmið stofnunarinnar er allt að 8 mánuðir við útgáfu nýs starfsleyfis.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.07.2023


Guðbjörg Stella Arnadóttir